



Íslenskur landbúnaður 2040

Sviðsmyndir um mögulega
framíð landbúnaðar á Íslandi

Nóvember 2019



kpmg.is

Fylgt úr hlaði

Það er bændum eðlislægt að gá til veðurs. Hér áður var gengið út á bæjarhelluna og skimað og spáð fyrir um tíðina, því ekkert hafði og hefur meiri áhrif á búskap en veður og tíðarfar. Í dag er samfélag okkar flóknara en þegar Ísland var í raun bændasamfélag og það er nauðsynlegt að rýna önnur tákni og teikni en veðurútlit og horfur.

Landbúnaður er hluti af samfélagi okkar, efnahags- og atvinnulífi. Afkoma hans og styrkur skiptir þúsundir manna og í raun samfélagið allt miklu máli. Íslenskur landbúnaður er burðarás í búsetu fólks í dreifðum byggðum og úrvinnsla afurða landbúnaðarins ein stærsta framleiðslugreinin í matvælaíðnaði. Íslenskur landbúnaður á djúpar rætur hjá þjóðinni sem vill láta sig framtíð hans varða og hefur sterkar skoðanir um stöðu mála og þróun.

Samfélög eru kvik og þróun ör. Á árum áður var búseta í sveit algeng en með tíð og tíma hafa fólksflutningar úr sveit og landi sett nýjan svip á dreifbýlið. Til að horfa fram á veginn og búa í haginn fyrir framþróun íslensks landbúnaðar þarf að vera skýrt hvert mögulegt framtíðar starfsumhverfi geti verið á hverjum tíma. Það er einmitt tilgangur sviðsmyndagreiningar um íslenskan landbúnað.

Miklu máli skiptir að kalla fram vilja og skoðanir fólks um tilgang og hlutverk landbúnaðar. Hvernig hann gæti þróast og hvað ætti að varast. Með sviðsmyndagerð hafa stjórnvöld og þeir sem fara með málefni íslensks landbúnaðar skapað aðferð til að meta stöðu mála á hverjum tíma og til hvaða aðgerða þurfi að grípa til að örva jákvæða þróun eða forðast þætti sem geta haft neikvæða þróun í för með sér. Sviðsmyndagreining þessi er undirbyggð af þátttöku hundruða manna sem gáfu sér tíma til að láta sig málið varða. Afurðin er tæki sem stjórnvöld og bændur geta byggt samstarf sitt á og nýtt til að leiða fram stefnu sem styður við og eflir íslenskan landbúnað.

Það sem aldrei hefur gerst getur gerst. Þó við ætlum að tiltekni hlutir muni ganga eftir út frá stöðu mála í dag er öruggt að utanaðkomandi kraftar geta raskað þeirri þróun sem við sáum fyrir okkur. Þá er nauðsynlegt að eiga skýra mynd af því hvert við viljum fara með landbúnaðinn. Þær sviðsmyndir sem þetta rit geymir má segja að séu tæki til „veðurútlits“ fyrir þá sem fara með málefni sveita og landbúnaðar sér til stuðnings þegar framtíðarmálefni greinarinnar eru til umræðu.

Haraldur Benediktsson

*formaður samstarfshóps um
endurskoðun búvörusamninga*



Efnisyfirlit

- 4 Samantekt sviðsmynda
- 5 Vinnuferlið
- 6 Íslenskur landbúnaður í dag
- 9 Mikilvægir óvissupættir og drifkraftar í landbúnaði
- 10 Sviðsmyndir 2040
- 11 Grunngerð sviðsmynda

- 12 Opinn markaður
- 13 Beint frá býli
- 14 Stöðnun
- 15 Gróska

- 16 Samanburður sviðsmynda
- 17 Nýting sviðsmynda



Fjórar sviðsmyndir um framtíð íslensks landbúnaðar


Tilgangur sviðsmynda


Með sviðsmyndagerð er verið að ávarpa og styðja þær ákvarðanir sem við þurfum að taka í dag með því að draga fram ólíkar en mögulegar framtíðarmyndir. Þær draga fram óvissuna í þeim drifkröftum sem taldir eru hafa mest áhrif hverju sinni. Virði sviðsmyndanna felst í að þær birta ólík sjónarhorn sem geta verið andstæð óskum okkar og skoðunum, en einmitt þannig örva þær umræður og vonandi aðgerðir.

Lykilspurningin sem unnið var með er: Hver verður framtíð íslensks landbúnaðar árið 2040?


Drifkraftar sviðsmyndanna


Við að móta þessar sviðsmyndir voru rýndir ýmsir óvissir drifkraftar og í lokin var unnið með tvo þeirra:


 **Viðhorf neytenda** þar sem átt er við hvort kauphegðun neytenda byggi á verðum eða gæðum landbúnaðarafurða.


 **Aðkoma stjórnvalda** þar sem fjallað er um mismunandi aðkomu stjórnvalda að íslenskum landbúnaði.

Hverri sviðsmynd var gefið lýsandi nafn í takt við þá þróun sem hún lýsir

 **Opinn markaður** – Starfsumhverfið ein-kennist af mikilli samkeppni í landbúnaði innanlands og erlendis frá og hörð verðsamkeppni knýr framleiðendur til að auka skilvirkni. Ísland er opinn markaður á grundvelli tollfrelsisamninga á landbúnaðarvörum víða um heim. Bændum hefur fækkað í flestum greinum landbúnaðar en bú hafa samhliða stækkað.

 **Beint frá býli** – Smáir og stórir framleiðendur í landbúnaði þrífast vel. Samband neytenda og framleiðenda er sterkt og verslun beint frá býli er algeng í nærsamfélaginu. Íslenskir bændur eru lífstíls- og ástríðubændur sem framleiða hágæða afurðir og neytendur eru tilbúnir að greiða verð í samræmi við gæði vörunnar.

 **Stöðnun** – Aðgerðir stjórnvalda felast í niðurgreiðslum landbúnaðarvara til þess að mæta kröfum neytenda um lág verð á matvælum. Óveruleg breyting hefur átt sér stað í stærð búa.

 **Gróska** – Mikil fjölgun og endurnýjun í bændastéttinni hefur átt sér stað. Fólk án bakgrunns í landbúnaði laðast að sveitinni og getur fengið styrki til þess að kaupa jarðir og hefja búskap eftir eigin höfði. Meðalstór bú og smábú þrífast vel þar sem hreinleiki landbúnaðar og rekjanleiki afurða byggir undir traust neytenda til framleiðenda.

Vinnuferlið

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að Ísland skuli vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Þá skuli leggja áherslu á nýsköpun, vöruþróun, verðmætasköpun, sjálfbærni og að velferð búfjárstofna sé tryggð. Einnig á að stuðla að náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknum og menntun.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga þann 7. febrúar 2018 í þeim tilgangi að taka til skoðunar þessi sjónarmið stjórnvalda og horfa til framtíðar í málefnum landbúnaðar.

Notuð var sviðsmyndagreining til þess að skoða mögulegt starfsumhverfi íslensks landbúnaðar til ársins 2040.

Gerð sviðsmynda hófst á sumarmánuðum 2018 og fól í sér breiða aðkomu aðila úr landbúnaði og frá neytendum. Samráðshópur um búvörusamninga skipa; Haraldur Benediktsson og Brynhildur Pétursdóttir formenn. Sigurgeir Sindri Slurgeirsson og Elín Heiða Valsdóttir frá Bændastamtökum Íslands. Halldór Árnason frá SA, Jóhanna Hreinsdóttir frá samtökum afurðastöðva, Hafdís Hanna Ægisdóttir tilnefnd af umhverfisráðherra, Þórlundur Kjartansson tilnefndur af landbúnaðarráðherra. Með hópnum starfaði Rebekka Hilmarsdóttir til hausts 2018 og síðar Ása Þórhildur Þórðardóttir.

Sérfræðingar af ráðgjafarsviði KPMG voru fengnir til þess að sjá um faglega framkvæmd verkefnisins.

Vinnuferlið fól í sér gagnaöflun með viðtölum, netkönnun, opnum fundum á sex landsvæðum og greiningu á opinberum gögnum. Haldnar voru vinnustofur þar sem grunngerð sviðsmynda um framtíð landbúnaðar var mótuð og í kjölfarið hófst úrvinnsla og samantekt niðurstaðna. Alls tóku um 400 einstaklingar þátt í verkefninu.



Íslenskur landbúnaður í dag

Landbúnaður líkt og aðrar atvinnugreinar hefur þróast og tekið miklum breytingum á undanförunum áratugum eftir að vélvæðing hófst fyrir alvöru hér á landi. Fyrst með því að dráttarvélar urðu almennt í eigu bænda og síðar með frekari tæknivæðingu jafnt utan dyra sem innan. Þróun húsakostar og bættur aðbúnaður búfjár er ekki síður hluti af þessari þróun.

Þessi þróun hefur leitt til stækkunar bóa og létt störf bænda líkamlega svo um munar. Stækkun bóa hefur leitt af sér nýjar áskoranir á borð við auknar áherslur á umhverfismál og umsvifa-meiri rekstur bóa.

Afkoma bænda hefur verið sveiflu-kennd á undanförunum árum og mjög mismunandi eftir þeirri búgrein sem þeir vinna við. Þannig hefur orðið hrun í tekjum sauðfjárþænda sem hefur neytt marga þeirra til að bregða bóu eða vinna við önnur störf meðfram búskap. Mikil þróun hefur orðið í mjólkurframleiðslu sem hefur um langt skeið verið stór þáttur

í íslenskum landbúnaði og eins í hrossarækt. Þá má nefna að hlunni-ndi jarða og nýting þeirra hafa orðið mikilvægur þáttur í afkomu margra býla.

Eftirfarandi framleiðslustærðir í landbúnaði varpa ljósi á umsvif breytinga sem hafa sett svip sinn á greinina á undanförunum árum. Vænta má að á næstu tveimur áratugum geti landbúnaður tekið jafn miklum eða meiri breytingum, en sviðsmyndirnar eru einmitt til þess fallnar að gera sér hugmynd um hvernig sú þróun geti orðið.

FJÖLDI STARFA Í LANDBÚNAÐI


Fjöldi starfa og sem hlutfall af heildarfjölda starfandi á Íslandi



Heimild: Hagfræðideild HÍ, Búnaðarrit 1997 og Hagstofa Íslands

KJÖTFRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI

Í tonnum



Heimild: Hagstofa Íslands

KJÖTFRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI OG INNFLUTNINGUR Á NAUTA-, SVÍNA- OG ALIFUGLAKJÖTI


Í tonnum



Heimild: Hagstofa Íslands

ÚTFLUTNINGUR HROSSA


Fjöldi hrossa



Heimild: Worldfengur, upprunaættbók íslenska hestsins

GRÆNMETISFRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI OG INNFLUTNINGUR Á GRÆNMETI


Í tonnum



Heimild: Samband garðyrkjubænda


HEILDSALA Á INNLENDU KJÖTI

Kilógrömm á hvern íbúa



Heimild: Hagstofa Íslands


ÞRÓUN Á FJÖLDA OG FRAMLEIÐNI MJÓLKURBÚA



Heimild: Hagstofa Íslands

MEÐALNYT KÚA

Kilógrömm á ári



Heimild: Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins

Mikilvægir óvissuþættir og drifkraftar í landbúnaði

Drifkraftar eru mikilvægir áhrifþættir sem snerta greinina og geta haft mótandi áhrif á framtíð hennar. Þeir geta verið fyrirsjáanlegir, eins og hlýnun jarðar, og þeir geta verið ófyrirsjáanlegir, eins og náttúruhamfarir.

Við gerð sviðsmyndanna kom fram að eftirfarandi þættir eru taldir vera áhrifamestu drifkraftar landbúnaðar á komandi árum.

Samkeppnishæfni

Kostir og gallar þess að framleiða landbúnaðarafurðir á Íslandi við íslenskar aðstæður í samanburði við framleiðsluáðstæður innfluttra afurða.

Þekking

Undirstaða greinarinnar byggir á þekkingu framleiðenda á ræktun og rekstri bóa. Þar spilar framboð á menntun og aðlögunarhæfni framleiðenda að breytingum á markaði stórt hlutverk.

Rekstrargrundvöllur

Stærð bóa, kaup og kjör, rekstrarhagræði og fleiri þættir móta rekstrargrundvöll landbúnaðar hverju sinni.

Aðkoma opinberra aðila

Lög og reglur, stuðningskerfi og áherslur stjórnvalda og annarra opinberra aðila í málefnum sveita og dreifbýla getur haft mikil áhrif á framþróun landbúnaðar.

Neysluhegðun - markaðir

Lífsstíll og viðhorf neytenda skipta höfuðmáli fyrir framleiðendur landbúnaðarafurða. Neytendur velja sér matvæli út frá þáttum eins og gæða- og umhverfisvitund, verðnæmni og mataræði.

Tækniþróun

Hagnýting nýrrar tækni, sjálfvirknivæðing, nýsköpun og vörubróun í öllu starfsumhverfi landbúnaðarins getur skipt greinina miklu máli.


Ímynd landbúnaðar

Samskipti og tenging aðila greinarinnar við almenning og stjórnvöld móta þá ímynd sem nær- og fjærsamfélagið hefur af íslenskum landbúnaði.

Umhverfismál

Umhverfisvitund, loftslagsbreytingar og áhersla á umhverfismál eru vaxandi áhersluþættir í samfélaginu með tilheyrandi áskorunum og tækifærum fyrir landbúnað.

Sviðsmyndir 2040



Sviðsmyndir eru ekki framtíðarsýn, spá, stefna eða framreikningur. Þær eru öflug aðferð til að skilja starfsumhverfið og skapa sameiginlegan skilning á því hvað þarf að gera í dag til að undirbúa framtíðina.

Grunngerð sviðsmynda

Eftirfarandi drifkraftar ramma inn sviðsmyndirnar, en þessir þættir eru til þess fallnir að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi landbúnaðar í framtíðinni. Geta þeir báðir þróast í tvær ólíkar áttir eins og rakið er hér á eftir, en samspil þeirra dregur upp ólíkar myndir um mögulegt starfsumhverfi greinarinnar árið 2040.

Viðhorf neytenda

VERÐ

Verð hefur ráðandi áhrif við kaup neytenda á matvælum. Það vegur minna hvort um sé að ræða íslenska eða innflutta landbúnaðarafurð, heldur skiptir höfuðmáli hvor varan er ódýrari.

Þættir sem valda aukinni verðnæmni neytenda geta verið erfiðar efnahagsaðstæður og takmörkuð umhverfisvitund.

VIÐHORF NEYTENDA

Kauphegðun neytenda á matvælum mótast fyrst og fremst af kröfum þeirra til gæða og þjónustu. Þannig eru neytendur tilbúnir að greiða herra verð fyrir meiri gæði.

Þeir þættir sem geta ýtt undir gæðaviðhorf neytenda eru sem dæmi áhersla á heilbrigðan og umhverfisvænan lífsstíl, skýrar upprunamerkingar og sterkur efnahagur.

GÆÐI

Aðkoma stjórnvalda

MIKIL

Beinar aðgerðir stjórnvalda móta starfsumhverfi landbúnaðarins. Þær geta verið í formi niðurgreiðslna til framleiðenda, þróunarframlög í formi rannsókn- og nýsköpunarstyrkja og fastmótuðu regluverki um eignarhald bújarða.

Mögulegar ástæður fyrir mikilli aðkomu stjórnvalda gætu verið að jafna launamun á markaði með niðurgreiðslum, bæta rekstrargrundvöll framleiðenda eða tryggja fæðuöryggi landsmanna.

AÐKOMA STJÓRNVALDA

Óveruleg stjórnvaldsáhrif eða áhersla á frjáls milliríkjavíðskipti án afskipta stjórnvalda eru dæmi um þætti sem lýsa lítilli aðkomu stjórnvalda í greininni. Þar verður greinin að reida sig á eigin styrk í tollfrjálsu rekstrarumhverfi og við frjálst eignarhald bújarða.


Þannig geta stjórnvöld spilað stórt hlutverk í framtíð landbúnaðar á Íslandi með athöfnum sínum eða athafnaleysi.

LÍTIL



Íslenskur landbúnaður árið 2040

Fjórar mögulegar sviðsmyndir



Sviðsmyndirnar í hnotskurn

Opinn markaður

- Óheftur innflutningur matvæla stóreykur vöruúrval erlendra vara í verslunum – mjög lítið hlutfall íslenskra matvæla.
- Samþjöppun í landbúnaði leiðir af sér umtalsverða fækkun bóa og brothættar byggðir.

Stöðnun

- Landbúnaðarvörur eru verðlagðar undir kostnaðarverði og bændur þurfa að treysta á stuðning stjórnvalda.
- Stór hluti bænda í öðrum hlutastörfum. Lítið svigrúm til framþróunar.

Beint frá býli

- Mikil samskipti bænda og upplýstra neytenda sem byggja á tæknivæddu samfélagi í frjálsum viðskiptum.
- Umtalsverð sala landbúnaðarafurða til ferðamanna og heimamanna.

Gróska

- Mikil vitundarvakning meðal landsmanna í umhverfis- og gæðamálum eykur eftirspurn eftir hágæða landbúnaðarvörum.
- Mikil nýsköpun í íslenskum landbúnaði.

Íslenskur landbúnaður árið 2040

Opinn markaður

Stjórnvöld sinna lítið málefnum landbúnaðar og dreifbýlis. Alþjóðleg samkeppni ríkir og afurðaverð er lágt. Fákeppni í verslun og úrvinnslu.

Neytendur eru almennt verðnæmir og hafa takmarkaðar upplýsingar um uppruna matvæla, enda er verð sett framfar gæðum.

Samkeppni innanlands og erlendis frá einkennir íslenskan landbúnað, þar sem keppt er í kostnaðarhagkvæmni með áherslu á lágt afurðaverð. Ný afkastameiri búfjárfkyn hafa verið flutt til landsins til að auka magn afurða og hagkvæmni en með þeim hafa borist dýrasjúkdómar sem hafa höggvið skörð í einangraða búfjárstofna Íslands. Notkun lyfja við framleiðslu hefur verið leyfð til samræmis við helstu samkeppnislönd.

Bændum hefur fækkað en þau bú sem eftir standa hafa stækkað í öllum búgreinum. Flest bú eru í eigu stórfyrirtækja eða fjármálastofnana, rekin á viðskiptalegum forsendum með áherslu á arðsemi.

Vinna við búskap, einkum búfé og ræktun, eru einhæf láglounastörf sem fyrst og fremst farandverkafólk sinnir. Sérhæfing einstakra verkþátta í búskap hefur vaxið, en þekking á hefðbundnum búskaparháttum er á undanhaldi. Nýting og þekking á staðháttum sveitanna er að hverfa. Fákeppni einkennir framleiðslu landbúnaðarvara.

Hátt verð fæst fyrir bújarðir sem eru í vaxandi mæli í eigu aðila sem ekki hafa búsetu á þeim. Jarðir eru gjarnan nýttar til annarrar starfsemi en landbúnaðarframleiðslu með tilkomu góðra net- og rafmagnstenginga.

Mörg ný störf hafa orðið til í landbúnaði í tengslum við kol-efnisbindingu, endurheimt votlendis og orkuframleiðslu. Virkjanir lítilla og stórra vatnsfalla og vindmyllugarðar einkenna þá uppbyggingu sem er í sveitum.

Hvernig gerðist þetta?

Vegna mikils þrýstings frá almenningi hættu stjórnvöld að beita sér fyrir tollvernd og sérstökum niðurgreiðslum á íslenskum landbúnaðarafurðum.

Tollfrelssamningar við helstu viðskiptalönd Íslands opnuðu fyrir innflutning erlendra matvæla sem voru talsvert ódýrari en innlend matvæli.

Í kjölfar útflutnings raforku með sæstreng hækkaði raforkuverð verulega og í framhaldi lagðist ylrækt að mestu af á Íslandi.

Vegna dýrtíðar á Íslandi horfa neytendur fyrst og fremst á verð við val á matvöru og því hafa ódýrar innfluttar landbúnaðarafurðir náð sterkri fótfestu á íslenska markaðnum.

Aðilar í ferðaþjónustu vilja draga úr kostnaði. Veitingastaðir, hótél og matvöruverslanir leita lægstu verða sem oftast en ekki er að finna í innfluttum matvælum.



Aukin tækniþróun gerir það að verkum að hægt er að framleiða meira með minni tilkostnaði en áður og því hefur svokölluðum verksmiðjubúum vaxið fiskur um hrygg.

Líftækni og erfðabreyting eru lykilmættir hagkvæmari framleiðsla en aukin notkun lyfja og eiturefna fylgir við framleiðslu landbúnaðarafurða.

Áhrifabættir



Neytendur verðnæmir og lítil aðkoma stjórnvalda

 Stærð og fjöldi bóa	Fá stór bú.
 Nýsköpun og vöruþróun	Vöruþróun í þágu aukinnar hagkvæmni og magns.
 Rekstrargrundvöllur og búgreinar	Stærðarhagkvæmni. Sérhæfð ylrækt og mjólkurbúskapur blómstrar.
 Ímynd	Matur er bara matur. Einsleitni.
 Umhverfismál og sjálfbærni	Lítill umhverfisvitund. Sjálfbærni ekki í fyrirrúmi. Jafnvægi í framleiddu magni.
 Byggðapróun og samfélagsleg menning	Byggðaröskun. Nýir erlendir og innlendir landeigendur.
 Uppruni	Upprunamerkingar takmarkaðar.
 Tengsl við ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar	Vaxandi fjöldi bænda hefja aðra starfsemi en búskap.
 Tækniþróun – fjórða iðnbyltingin	Hátækniþúskapur algengur í þágu rekstrarhagkvæmni.
 Menntun og þekking	Tækni- og rekstrarmentun í landbúnaði vaxandi.

Íslenskur landbúnaður árið 2040

Beint frá býli

Bændur þrífast í landbúnaði án verulegrar íhlutunar stjórnvalda með virkri nýsköpun og vörubrún. Samband neytenda og framleiðenda er sterkt og verslun beint frá býli er algeng.

Íslenskir bændur eru lífsstílsbændur með ástríðu fyrir framleiðslu hágæða afurða í takti við vilja neytenda sem setja áherslur á gæði umfram verð.

Stjórnvöld vilja að bændur haldi áfram búsetu og skipta sér ekki af því í hvernig land er ræktað. Bændur hafa frjálssar hendur um nýtingu jarða sinna með takmörkuðum fjárstuðningi stjórnvalda, en stefna að framleiðsluaukningu til þess að styðja sjálfbæran rekstur.

Landnýting er í jafnvægi og neytendur hafa fullvissu fyrir því að íslenskar landbúnaðarvörur hafa lægsta mögulega kolefnissporið á markaðnum.

Til að auðvelda beina sölu frá býli til neytenda er stærri hluti virðisikeðjunnar kominn inn í búin í landinu með örvinnslu bænda, sem hefur tekið við hlutverki afurðastöðva að verulegu leiti.

Bændabýli víðsvegar um landið eru fjölbreytt fyrirtæki með umsvifameiri og arðbærari rekstur en áður fyrr með snertifleti í veitingarekstri og ferðaþjónustu og byggja á rómaðri gestrisni íslenska sveitalífsins.

Með aukinni kröfu um gæði og nýsköpun hafa íslenskir framleiðendur skapað sér samkeppnisforskot á markaði og fjölbreytni í framleiðslu landbúnaðarafurða.

Verslunin keppist við að setja fram íslenskar landbúnaðarvörur og framleiðendur hagnýta upplýsingatækni í upprunamerkingum afurða svo neytendur geti rakið uppruna þeirra til bóta og ræktunaraðstæðna.

Framboð annar ekki eftirspurn til útflutnings á sérhæfðum landbúnaðarvörum.



Hvernig gerðist þetta?

Vegna sívaxandi mannfjölda í heiminum hefur þörf fyrir matvæli stórukist. Íslensk matvæli eru þekkt á erlendum mörkuðum sem fyrsta flokks og eru því eftir sótt á betri veitingastöðum og eins í sérhæfðum matvöruverslunum erlendis.

Einnig hefur áhersla ferðaþjónustunnar á lúxusferðamennsku gert það að verkum að fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim með það fyrir augum að njóta þess besta sem landið hefur upp á að bjóða. Ferðamenn eru að jafnaði vaxandi hluti neytenda matvæla á Íslandi.











Með öflugri nýsköpun og vöruþróun tókst að breikka vöruúrval í takti við breytt neyslumynstur (vegan, keto, o.fl.) og áherslu á umhverfismál.

Bændum hefur einnig tekist vel til varðandi markaðssetningu á íslenskum landbúnaðarvörum. Bæði Íslendingar og útlendingar eru sólgirnir í íslenskar hágæðavörur sem framleiddar eru á umhverfisvænan hátt m.a. með endurnýjanlegri orku.

Áhrifabættir



Gæðaáhersla neytenda og lítil aðkoma stjórnvalda

 Stærð og fjöldi bóa	Allmörg lítil og meðalstór bú.
 Nýsköpun og vöruþróun	Öflug nýsköpun og vöruþróun.
 Rekstrargrundvöllur og búgreinar	Smærri bú selja beint til neytenda. Almennt góð afkoma og einhver útflutningur gæðavara.
 Ímynd	Lúxus gæðavara. Bændur tala beint við neytendur.
 Umhverfismál og sjálfbærni	Bændur leiðandi í umhverfisvænum landbúnaði.
 Byggðaðróun og samfélagsleg menning	Búskapur er lífsstíll.
 Uppruni	Uppruni rekjanlegur beint til býlis.
 Tengsl við ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar	Matarferðaþjónusta sterk.
 Tækniþróun – fjórða iðnbyltingin	Snjalltækni mikið notuð. Meiri tími nýttur í heimavinnslu.
 Menntun og þekking	Fag- og rekstrarleg þekking samhliða frumkvöðlahugsun.

Íslenskur landbúnaður árið 2040

Stöðnun

Stjórnvöld niðurgreiða landbúnaðarvörur til þess að mæta kröfum neytenda um lágt verð á matvælum. Tengsl bænda og neytenda eru lítil.

Stjórnvöld binda aðkomu sína í þröngt skilgreindum búgreinasamningum um magn og tegundir framleiðsluafurða. Í megindráttum snúast aðgerðir stjórnvalda um jöfnun verðs með niðurgreiðslum landbúnaðarafurða ásamt leiðum til þess að tryggja búsetu í dreifðum byggðum.

Afkoma bóa er sveiflukennd og margir bændur þurfa að vinna viðbótarstörf utan býlisins. Hægfara fjölgun stórra bóa sem byggja á kostnaðarhagkvæmni.

Nýsköpun í landbúnaði snýst aðallega um lækkun framleiðslukostnaðar við hefðbundna búskaparhætti en vöruþróun er á undanhaldi.

Verðlag er almennt hátt í landinu eftir tímabil víxlhækkana launa og verðlags. Neytendur kalla eftir lækkun matvöruverðs og stjórnvöld bregðast við. Útflutningur hrossa eykst í kjölfar eflingu hrossaræktar.

Hvernig gerðist þetta?

Stjórnvöld styðja við íslenska landbúnaðarframleiðslu ekki hvað síst til hagvarna fyrir efnahagslífið.

Vegna samdráttar í efnahagslífinu og harðnandi aðstæðna á atvinnumarkaði vilja neytendur í auknum mæli kaupa matvörur á lægra verði. Stjórnvöld hafa í því skyni reynt að styðja við innlenda landbúnaðarframleiðslu, bæði til að fjölga störfum en ekki síður til að halda vöruverði lágu. Þá hafa verið lagðir hærri tollar á innfluttar matvörur til að styðja enn frekar við innlenda framleiðslu.

Innri deilur og hagsmunaárekstrar aðila virðiskeðjunnar í landbúnaði hafa skaðað ímynd greinarinnar meðal neytenda.

Vaxandi hluti bænda hefur snúið sér að öðrum störfum, t.d. ferðaþjónustu, til þess að mæta óstöðugri rekstrarafkomu framleiðslu sinnar.











Hækkandi verðlag kemur sér illa fyrir vinnuafslrekar greinar. Ferðamenn eru verðnæmir og eyða minna en áður.

Stjórnvöld hafa stutt við landbúnað m.a. með styrkjum við þá bændur sem kjósa að bregða búi og stuðningi við tæknibreytingar sem dregið geta úr kostnaði.

Áhrifabættir



Neytendur verðnæmir og mikil aðkoma stjórnvalda

 Stærð og fjöldi bóa	Nokkur stór bú og margir „frístundabændur“.
 Nýsköpun og vöruþróun	Áhersla nýsköpunar á hagkvæma búskaparhætti.
 Rekstrargrundvöllur og búgreinar	Afkoma bóa háð opinberum framlögum. Blönduð bú.
 Ímynd	Almenningur borgar brúsann.
 Umhverfismál og sjálfbærni	Togstreita um umhverfismál. Kolefnistengd gjöld stýra umræðunni.
 Byggðapróun og samfélagsleg menning	Byggðafesta með inngripum stjórnvalda.
 Uppruni	Lágmarkskröfur um upprunamerkingar.
 Tengsl við ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar	Fjölbreytt alhliða starfsemi til sveita.
 Tækniþróun – fjórða iðnbyltingin	Tækninýjungar nýttar í sparnaðarskyni.
 Menntun og þekking	Efling LBHÍ en endurmenntun bænda situr á hakanum.



Íslenskur landbúnaður árið 2040

Gróska

Fjölgun og endurnýjun í bændastéttinni. Fólk án bakgrunns í landbúnaði laðast að sveitinni og getur fengið styrki til þess að kaupa jarðir og hefja búskap eftir eigin höfði.

Einkennisorð landbúnaðar á Íslandi eru hreinleiki, fjölbreytni, rekjanleiki og gæði. Innlend aðföng eru nýtt eftir fremsta megni og íslenskar vörur eru verðlagðar eftir gæðum.

Rannsóknasjóður sem stjórnvöld eyrnamerktu þekkingarsköpun og umhverfismálum í landbúnaði skilar árangri og brautskráðir búfræðingar færa greininni ferska innsýn á nýjungar til virðis- og nýsköpunar með áherslu á vörubróun og gæðaframleiðslu.

Landbúnaður og aðrar atvinnugreinar eins og ferðaþjónusta og menningarstarfsemi á landsbyggðinni hafa leitt saman hesta sína til þess að skapa einstaka og samræmda upplifun ferðamanna á Íslandi.

Hvernig gerðist þetta?

Í kjölfar stífarí lagaákvæða um eignarhald jarðeigna var eyðibýlastefnu endanlega snúið við og skilyrði fyrir jarða-kaupum á borð við fasta búsetu á jörðinni tóku gildi.

Ásókn jókst í íslenskar, hreinar og umhverfisvænar vörur bæði innanlands og erlendis frá. Vegna uppgangs og hagstæðra aðstæðna í íslensku efnahagslífi hafa neytendur úr meira fé að spila og velja innlend gæða matvæli umfram ódýrari innflutta kosti.

Til að tryggja fullnægjandi framboð íslenskra matvæla innanlands urðu íslensk stjórnvöld að takmarka útflutning landbúnaðarafurða.











Mikil vöruþróun og nýsköpun hefur gert það að verkum að vöruframboð hefur aldrei verið meira og framsæknara. Íslensk matvæli eru í forgrunni á flestum veitingastöðum og mikil áhersla lögð á ferskleika og gæði.

Í ljósi áherslna hins opinbera í umhverfismálum og stuðningi við innlenda framleiðslu hafa verið lagðir sérstakir kolefnistollar og gjöld á innfluttar matvörur og reglur settar um lágmarks framleiðsluskilyrði innfluttra matvæla.

Áhrifabættir



Gæðaáhersla neytenda og mikil aðkoma stjórnvalda

 Stærð og fjöldi bóa	Mikill fjöldi minni og líttilla bóa.
 Nýsköpun og vöruþróun	Mikil áhersla á sjálfbærni með nýsköpun og vöruþróun.
 Rekstrargrundvöllur og búgreinar	Verðmætasköpun sterk. Afkoma bænda tryggð en ekki endilega góð.
 Ímynd	Gæðavörur á góðu verði.
 Umhverfismál og sjálfbærni	Heilnæmir og umhverfisvænir búskaparhættir í upplýstu samfélagi.
 Byggðapróun og samfélagsleg menning	Smærri byggðakjarnar þrífast víða um land. Búsetuskilyrði góð.
 Uppruni	Ítarlegar upprunamerkingar.
 Tengsl við ferðaþjónustu og aðrar atvinnugreinar	Öflug tengsl við ferðaþjónustu og fleiri greinar stundaðar til sveita.
 Tækniþróun – fjórða iðnbyltingin	Hægfara nýting á framþróun í tækni.
 Menntun og þekking	Fjölbreytt menntun á ólíkum sviðum landbúnaðar.

Samanburður sviðsmyndanna

ÁHRIFAPÁTTUR	OPINN MARKAÐUR Neytendur verðnæmir og mikil aðkoma stjórnvalda	BEINT FRÁ BÝLI Gæðaáhersla neytenda og lítil aðkoma stjórnvalda	STÖÐNUN Neytendur verðnæmir og mikil aðkoma stjórnvalda	GRÓSKA Gæðaáhersla neytenda og mikil aðkoma stjórnvalda
STÆRÐ OG FJÖLDI BÚA	Fá stór bú.	Allmörg lítil og meðalstór bú.	Nokkur stór bú og margir „frístundabændur“.	Mikill fjöldi minni og lítilla bú.
NÝSKÖPUN OG VÖRUPRÓUN	Vörupróun í þágu aukinnar hagkvæmni og magns.	Öflug nýsköpun og vörupróun.	Áhersla nýsköpunar á hagkvæma búskaparhætti.	Mikil áhersla á sjálfbærni með nýsköpun og vörupróun.
REKSTRAR-GRUNDVÖLLUR OG BÚGREINAR	Stærðarhagkvæmni. Sérhæfð ylraekt og mjólkurbúskapur blómstrar.	Smærri bú selja beint til neytenda. Almenn góð afkoma og einhver útflutningur gæðavara.	Afkoma bú á háð opinberum framlögum. Blönduð bú.	Verðmætasköpun sterk. Afkoma bænda tryggð en ekki endilega góð.
ÍMYND	Matur er bara matur. Einsleitni.	Lúxus gæðavara. Bændur tala beint við neytendur.	Almenningur borgar brúsann.	Gæðavörur á góðu verði.
UMHVERFISMÁL OG SJÁLFBÆRNI	Lítill umhverfisvitund. Sjálfbærni ekki í fyrirrúmi. Jafnvægi í framleiddu magni.	Bændur leiðandi í umhverfisvænum landbúnaði.	Togstreita um umhverfismál. Kolefnistengd gjöld stýra umræðunni.	Heilnæmir og umhverfisvænir búskaparhættir í upplýstu samfélagi.
BYGGÐAÞRÓUN OG SAMFÉLAGSLEG MENNING	Byggðaröskun. Nýir erlendir og innlendir landeigendur.	Búskapur er lífsstíll.	Byggðafesta með inngripum stjórnvalda.	Smærri byggðakjarnar þrífast víða um land. Búsetuskilyrði góð.
UPPRUNI	Upprunamerkingar takmarkaðar.	Uppruni rekjanlegur beint til býlis.	Lágmarkskröfur um upprunamerkingar.	Ítarlegar upprunamerkingar.
TENGL VÍÐ FERÐAÞJÓNUSTU OG AÐRAR ATVINNUGREINAR	Vaxandi fjöldi bænda hefja aðra starfsemi en búskap.	Matarferðaþjónusta sterk.	Fjölbreytt alhliða starfsemi til sveita.	Öflug tengsl við ferðaþjónustu og fleiri greinar stundaðar til sveita.
TÆKNIÞRÓUN – FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN	Hátæknibúskapur algengur í þágu rekstrarhagkvæmni.	Snjalltækni mikið notuð. Meiri tími nýttur í heimavinnslu.	Tækninýjungar nýttar í sparnaðarskyni.	Hægfara nýting á framþróun í tækni.
MENNTUN OG ÞEKING	Tækni- og rekstrarmenntun í landbúnaði vaxandi.	Fag- og rekstrarleg þekking samhliða frumkvöðlahugsun.	Eflling LBHÍ en endurmenntun bænda situr á hakanum.	Fjölbreytt menntun á ólíkum sviðum landbúnaðar.

Nýting sviðsmynda

Sviðsmyndir geta verið dýrmætt innlegg við greiningu á helstu þáttum í framtíðarstarfsumhverfi landbúnaðarins, bæði tækifærum og ógnunum sem tengjast greininni. Þannig geta þær verið aflvaki nýrra hugmynda og viðræðna hjá og á milli hagaðila hvort sem það eru stjórnvöld, neytendur, samtök bænda eða bændur sjálfir sem eiga í hlut.

Sviðsmyndirnar fá þessa aðila til að velta fyrir sér hvernig framtíðin geti verið ólík frá stöðunni í dag, t.d. með mismunandi aðkomu stjórnvalda að málefnum landbúnaðarins, breytingum á lögum og reglum eða vegna breyttra gilda og viðhorfa neytenda til landbúnaðarvara.

Þannig geta möguleikar til framleiðslu innlendra landbúnaðarvara gjörbreyst og þar með starfsgrundvöllur atvinnugreinarinnar en ekki síður þættir eins og heilbrigði og fæðuöryggi landsmanna, sem snerta neytendur beint og snúa að ábyrgð stjórnvalda.

Mælikvarði góðra sviðsmynda snýst ekki um það hversu vel eða nákvæmlega efnistösk þeirra rætast í framtíðinni, heldur hvort þær leiði til betri ákvarðanatöku í dag. Þannig munu sviðsmyndirnar nýtast hagaðilum landbúnaðarins hvort sem það eru stjórnvöld, sveitarfélög, hagsmunasamtök bænda, bændur, neytendur eða aðrir, við að horfa til framtíðar. Þar nýtast þær við stefnumótun, sem stuðningur við ákvarðanatöku til komandi ára, við áætlanagerð og áhættugreiningu og framsetningu hugmynda. Lykilatriði er að trúá ekki í blindni á eina framtíð, heldur skilja að með athöfnum okkar í dag mótum við framtíðina.



**Skýrslan er unnin af ráðgjafarsviði KPMG.
Tengiliðir vegna skýrslunnar eru:**

Sævar Kristinsson

Verkefnastjóri
skristinsson@kpmg.is

Sveinbjörn Ingi Grímsson

Sérfræðingur
sgrimsson@kpmg.is

Benedikt K. Magnússon

Partner / Sviðsstjóri
bmagnusson@kpmg.is

Reykjavík
Borgartúni 27

Akranes
Kirkjubraut 28

Akureyri
Glerárgötu 24

Blönduós
Húnabraut 13

Borgarnes
Bjarnarbraut 8

Dalvík
Ráðhúsi

Egilsstaðir
Fagradalsbraut 11

Hafnarfjörður
Reykjavíkurvegi 66

Hella
Prúðvangi 5

Höfn í Hornafirði
Litlubrú 1

Reyðarfjörður
Austurvegi 20

Reykjanesbær
Krossmóa 4

Sauðárkrókur
Borgarmýri 1a

Selfoss
Austurvegi 4

Stykkishólmur
Aðalgötu 5

Vestmannaeyjar
Ægisgötu 2

Sími 545 6000

kpmg.is   

© 2019 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Nafn og kennimark KPMG eru vörumerki KPMG International Cooperative. Allur réttur áskilinn.

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um mögulega framtíð landbúnaðar á Íslandi. Framkvæmd vinnunnar og áhersluatriði eru í samræmi við samning KPMG við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar.